# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar, vegna Árbakka, Selfossi, íbúðarbyggð og samfélagsþjónusta.**

Skipulagsstofnun staðfesti, 14. júlí 2021, breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. apríl 2021.

Í breytingunni felst stækkun íbúðarbyggðar úr 9,3 ha í 19,5 ha og samsvarandi minnkun iðnaðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Svæði fyrir samfélagsþjónustu er fært inn á miðbik svæðisins, tenging Laugardælavegar inn á svæðið færist austur að hringtorgi á Suðurlandsvegi, aðkoma frá Árvegi verður á móts við Hörðuvelli og gerð er lítilsháttar breyting á sveitarfélagamörkum milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 14. júlí 2021.*

F.h. forstjóra,

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfud.: 28. júlí 2021